

Reykjavík 1. mars 2010

Til formanna klúbba í Soroptimistasambandi Íslands

Kæru formenn

.

Landssambandsfundur á Húsavík

Undirbúningur Landssambandsfundar gengur vel. Munið að láta Sigrúnu Ingvarsdóttur formann Húsavíkurklúbbs vita sem fyrst um þátttökuna. Ég sé um að panta rútur fyrir þær sem vilja það.

Framboð til embætta Landssambandsins

Enn vantar framboð í embætti verkefnastjóra **efnahags- og félagslegrar þróunar** fyrir tímabilið 2010-2012. Bið ég ykkur að bregðast vel við og bjóða fram í það embætti:

Nafnalisti

Nafnalistinn verður prentaður aftur í ágúst og bið ég ritara klúbba að athuga vel hvort einhverjar breytingar hafa orðið á heimilisföngum, netföngum og símanúmerum hjá félögum í klúbbum, auk allra upplýsinga um nýja félag, og senda til Helgu Óladóttur nafnalistakonu. Hennar netfang er: helgaola@gmail.com

Dr. Suzanne Noël sjóður

Eyðublað með leiðbeiningum varðandi Suzanne Noël sjóðinn er komið á vefinn. Í þann sjóð geta kvenlýtalæknar undir 50 ára aldri sótt. Umsóknarfrestur er til 31. mars 2010.

Viðlagasjóður (Action Fund)

Eyðublað varðandi viðlagasjóðinn auk leiðbeininga fyrir væntanlega umsækjendur er komið á vefinn. Umsóknarfrestur er til 2. apríl 2010.

Rúanda styrkir

Minni á bréf frá Bettinu Scholl-Sabbatini varðandi styrki fyrir unga hönnuði til listnáms í Rúanda. Bréfið hefur þegar verið sent til formanna klúbba. Umsóknir þurfa að berast fyrir 12. mars 2010

Frekari upplýsingar um ofangreinda sjóði og styrki er að finna sem nýlegar fréttir á ytra vef.

Norrænir vinadagar í Bergen

Ég minni á norræna vinadaga í Bergen 11.-13. júní 2010. Upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu okkar undir „Á döfinni“.

Haustfundur í Munaðarnesi

Ég minni svo á að haustfundur verður í Munaðarnesi dagana 1.- 3. október 2010.

Hlakka til að sjá ykkur á Húsavík

Systrakveðja

Guðrún Erla Björgvinsdóttir
forseti SÍ